

23. febrúar 2015

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað var umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um frumvarp til laga um [uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum](#) (heildarlög), 427. mál. Þjóðminjasafn Íslands lýsir yfir ánægju með að í frumvarpinu koma fram áherslur sjálfbærrar þróunar á sviði ferðaþjónustu þar sem saman fer framþróun atvinnugreinarinnar og verndun viðkvæmrar náttúru og menningarminja. Einnig er tekið undir sjónarmið um uppbygging falli vel að heildarsvipmóti lands og horft til heildarlausna í uppbyggingu innviða. Áriðandi er að gæði séu höfð að leiðarljósi við uppbyggingu hvers kyns innviða og að mannvirki hæfi viðkomandi umhverfi (sjá Menningarstefnu í mannvirkjagerð (<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8144>)). Til verndunar viðkvæmu umhverfi og menningarminjum þarf að huga því að dreifa álagi af völdum ferðamanna með skipulagðri stýringu, s.s. með merkingum, staðsetningu þjónustu og stígagerð.

Um allt land eru merkar menningarminjar, sem eru mikilvægur hluti þess umhverfis sem er að finna í náttúru Íslands. Minjastofnun Íslands heldur skrár yfir friðaðar og friðlýstar menningarminjar, sem taka þarf tillit til. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og hefur umsjón með rúmlega 40 sögustöðum á Íslandi og er leiðandi fyrir safnastarf á sviði menningarminja um allt land.

Í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands er að finna yfir 40 hús sem eru í opinberri eigu og varðveitt eru vegna menningarsögulegs mikilvægis þeirra. Um er að ræða friðaðar þjóðminjar í umhverfinu (<http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/>). Þess má geta að til stendur að tilnefna hluta þessara sögustaða á heimsminjaskrá UNESCO (sjá www.heimsminjar.is). Þar er veitt þjónusta til gesta, m.a. leiðsögn og aðgengi að húsunum, og sýningum sem þar hafa verið settar upp. Oftar en ekki er um að ræða samstarf við sveitarfélögin varðandi rekstur safna í húsunum og svæðunum. Sum húsanna eru staðsett í markverðu menningarlandslagi, sem mikilvægt er að bera virðingu fyrir. Röng uppbygging innviða getur valdið skaða og rýrt gildi viðkomandi svæða. Allir þessir opinberu staðir eru mikilvægir viðkomustaðir ferðamanna þar sem gera verður ráð fyrir vandaðri uppbyggingu innviða. Flestir eru áfangastaðir leiða sem tengjast öðrum náttúruperlum.

Um allt land eru byggingar og mannvirki sem vel færi á að nýta í þágu innviðauppbyggingar þar sem saman fari viðhald eldri mannvirkja í þágu ferðaþjónustu og varðveisla menningararfs. Má í því sambandi nefna hundruði eyðibýla um allt land, sem með viðeigandi endurbótum mætti nýta í þágu ferðaþjónustu og þar með tryggja varðveislu þeirra til framtíðar með slíkri notkun. Einnig mætti nefna eldri byggð í þéttbýli sem gæti nýst sem vettvangur ferðaþjónustu, sem og markverðar menningarminjar um allt land sem áhugavert er fyrir ferðamenn að skoða og upplifa. Með réttum innviðum, s.s. stígum,

merktum leiðum og upplýsingum, má bæta aðgengi að þeim án þess að því fylgi áníðsla. Þannig mætti með skipulegum hætti dreifa betur álagi ferðamanna um landið og vernda viðkvæm svæði.

Þar sem markmið lagafrumvarpsins er að stuðla að viðeigandi uppbyggingu í umhverfi náttúru Íslands er mikilvægt að heildarsýn megi nást í þessum málaflokki og gæði uppbyggingar innviða endurspegli virðingu fyrir náttúru- og menningarminjum. Gera verður kröfu um að hverskyns uppbygging innviða á viðkvæmum sögu- og náttúrustöðum sé með þeim gæðum að þau bæti við virði svæða og rýri þau ekki. Það gerir m.a. kröfur um vandað skipulagsferli, ígrundaða staðsetningu, viðeigandi efnisval og hágæða hönnun sem hæfir umhverfinu. Í því felst einnig hagræðing til framtíðar litið. Þar fari saman stýring ferðamannastraums, og jafnvægi verndunar og nýtingar til farsællar framþróunar sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst f.h. Þjóðminjasafns Íslands,
Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður